

RANNSAKA ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR LANDSBANKANS

Meðal þess sem slitastjórn Landsbankans hefur til rannsóknar eru áhættuskuldbindingar Landsbankans. Viðskiptablaðið hefur trúnaðarbréf FME um áhættuskuldbindingar Landsbankans undir höndum. » 12



Rannsóknir Kannað hvort áhættuskuldbindingar Landsbankans hafi farið yfir leyfileg mörk

Slitastjórn rannsakar áhættuskuldbindingar

FME gerði alvarlegar athugasemdir við það hvernig Landsbankinn skilgreindi áhættuskuldbindingar í efnahagsreikningi sínum. Áhættuskuldbindingar vegna Björgólfs Thors Björgólfs-sonar voru langt yfir leyfilegum mörkum.

MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@vb.is

Meðal þess sem slitastjórn Landsbankans hefur til rannsóknar er hvort bankinn hafi brotið lög um áhættuskuldbindingar með of mikilli áhættuskuldbindingu gagnvart Björgólfi Thor Björgólfs-soni, samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins. Stjórnendur Landsbankans og starfsmenn þeirra sviða innan bankans, sem höfðu með áhættuskuldbindingar að gera, áttu í samskiptum við Fjármálaeftirlitið (FME) vegna þessara mála. Rannsókn á vegum slitastjórnarinnar miðast meðal annars að því að kanna hvort Landsbankinn hafi gefið rangar upplýsingar um áhættuskuldbindingar sínar og þannig brotið lög.

FME krefst aðgerða

FME krafðist þess að Landsbankinn gripi til aðgerða árið 2007 vegna þessa. Var því meðal annars lýst í bréfi 22. mars það ár sem gert er að umtalsefni í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Viðskiptablaðið hefur bréf frá FME

til Landsbankans undir höndum. Hinn 20. febrúar 2008 sendi FME Landsbankanum bréfsem byggðist m.a. á athugun sem gerð var 18. og 19. september 2007. Í bréfinu koma fram alvarlegar athugasemdir við það hvernig áhættuskuldbindingar voru skilgreindar hjá Landsbankanum. Miðað við það sem fram kemur í bréfinu voru Landsbankamenn ósammála því að tengja ætti lyfjafyrirtæki Actavis

við Björgólf Thor Björgólfs-son. Félag Björgólfs Thors, Novator, var þó langsamlega stærsti eigandi félagsins. Í bréfi FME til Landsbankans, frá 20. febrúar 2008, segir m.a.: „Þá telur Fjármálaeftirlitið að tengja beri Actavis við Björgólf Thor Björgólfs-son, en við það færu áhættuskuldbindingar vegna Björgólfs T Björgólfs-sonar úr 19,8% m.v. áður nefnda leiðréttingu í 42,1% af eiginfjárgrunni, eða langt fram yfir leyfilegt hámark.“

Leyfilegt hámark lögum samkvæmt er 25%. Landsbankamenn höfðu þó á þessum tíma talið sig skilgreina áhættuskuldbindingar rétt, ef marka má það sem fram

kemur í bréfinu. Niðurstöður FME í bréfi er síðan eftirfarandi: „Fjármálaeftirlitið getur ekki fallist á að frá áhættuskuldbindingum Björgólfs T Björgólfs-sonar séu dregin hlutabréf í Actavis sem sett hafa verið til tryggingar á skuldbindingum Amber International Ltd. Fjármálaeftirlitið telur að tengja beri Actavis við Björgólf T Björgólfs-son ekki síst í ljósi yfirtöku Novators á Actavis.“ Yfirtaka Novators fór fram um mitt ár 2007.

Rannsóknarnefnd Alþingis, sem í sátu Páll Hreinsson, Tryggvi Gunnarsson og Sigríður Benediktsdóttir, deildi hart á Fjármálaeftirlitið í skýrslu sinni vegna þeirra atriða sem snéru að samskiptum FME og Landsbankans vegna áhættuskuldbindinga er tengdust Björgólfi Thor. Þetta var meðal þeirra atriða sem lágu að baki gagnrýni rannsóknarnefndarinnar á störf Jónasar Fr. Jónssonar, fyrrverandi forstjóra FME. Í skýrslunni eru samskiptin milli FME og Landsbankans rakin og FME gagnrýnt öðru fremur fyrir að hafa ekki látið kné fylgja kvíði þegar ljóst var að áhættuskuldbindingar Landsbankans gagnvart Björgólfi Thor voru yfir 50% af eiginfjárgrunni, eða ríflega tvöfalt meira en lög leyfa. Er Jónas Fr. gagnrýndur fyrir að hafa upplýst stjórn um þessi mál og lagt til við

hana aðgerðir af hálfu FME gagnvart Landsbankanum.

Í andmælabréfi sínu til rannsóknarnefndar segir Jónas að hann hefði upplýst stjórn FME á fundi 17. apríl 2007 um að FME hefði gert athugasemdir við hvernig áhættuskuldbindingar voru skilgreindar í reikningum bankans. Landsbanki Íslands var tilbúinn að verða við kröfum FME „að undanskilinni tengingu milli BTB og Actavis“. Á fundinum 17. apríl kynnti Jónas Fr. málið fyrir stjórn en taldi ekki ástæðu til sérstakra aðgerða vegna málsins.

Fram á árið 2008 var áfram deilt um hvernig áhættuskuldbindingar gagnvart Björgólfi Thor voru skilgreindar í reikningum Landsbankans. Í andmælabréfi sínu segir Jónas Fr. að eftir að FME krafðist þess að bankinn gerði breytingar á tengingum milli BTB og Actavis hafi verið gerðar breytingar. Ytri endurskoðandi Landsbankans sendi FME bréf 16. maí 2008 þar sem fram kom að Landsbankinn hefði brugðist við öllum úrbótarkröfum FME hvað varðar skráningar BTB og Actavis.

Það sem þá helst er til skoðunar er eins og áður segir hvort áhættuskuldbindingarnar gagnvart BTB hafi áfram verið yfir leyfilegu hámarki, eða sem nemur 25% af eiginfjárgrunni, þrátt fyrir að tengingum í skýrslum til FME hafi verið kipt í liðinn.

Spyr hvort blekkingum hafi verið beitt

Ólafur Kristinsson hdl. skrifði aði grein í Viðskiptablaðið 16. september sl. þar sem hann spurði, í fyrrisögn greinar sinnar, hvort Björgólfur Thor hafi blekkst hluthafa og kröfuhafa Landsbanka Íslands. Vísar hann þar til umræðu um það að félagið Givenshire Equites, sem átti helmingshlut í Samson sem síðan hélt á 42% hlut í Landsbankanum, hafi verið að hluta í eigu samstarfsmanna hans hjá Novator. Starfsmenn hans hafi haldið á 5% hlut í Givenshire en Björgólfur sjálfur á 95% hlut. Ólafur segir að þessi



Björgólfur Thor Björgólfs-son

atriði, ásamt reyndar fleirum, vekur upp spurningar um hvort menn hafi vísitandi reynt að komast hjá því að tilgreina Björgólfi Thor sem venslaðan aðila í bókum Landsbankans.





Eitt af því sem kannað er í rannsókn slitastjórnar Landsbankans á málefnum bankans er hvort áhættuskuldbindingar gagnvart Björgólfi Thor Björgólfssyni hafi farið yfir leyfileg mörk. Hér sjást fulltrúar í skilanefnd og slitastjórn Landsbankans á kröfuhafafundi á dögunum.

VB MYND/HARI